

1872.

21. marz.

kvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt á henni gjaldið.

21. marz.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

Í tilskipun handa Íslandi — — — — 8 sk. af hverjum 3 pelum. (Upphafð er samhljóða fyrstu málsgrein í næsta bréfi á undan). Þareð engin tollheimta er á Íslandi, hefir mönnum komið saman um í þeim umræðum, sem fram fóru um lagaboð þetta, áður en það kom út, að óhætt mundi að byggja á því, að vöruskrá sú, sem hvert það skip, sem á að fara frá höfn í útlöndum til Íslands, skal hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., og sem hinn hlutaðeigandi danski verzlunarfulltrúi staðfestir, mundi eptir atvikum vera nægilega tryggjandi, til þess að hafa gætur á, að gjaldið yrði rétt galdið, ef að eins vöruskráin væri samin með svo mikilli nákvæmni, að gjaldið yrði byggt á henni (sbr. ástæðurnar fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi, til þessarar tilskipunar í viðbætinum við stjórnartíðindin dönsku [*Ministerialtidenden*, 1871, bls. 67]). Dómsmálastjórnin mælist því til, að utanríkisstjórnin gjöri svo vel að láta í tæ aðstoð sína til þess, að svo verði sagt öllum dönskum verzlunarfulltrúum fyrir, að hafa gætur á, að vöruskráin fyrir hvert skip, sem á að fara til Íslands, og sem hláðið er að öllu eða nokkru leyti einhverju af þeim vörum, sem taldar voru að framan, verði hér eptir samin með svo mikilli nákvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt gjaldið á henni.

26. marz.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Sjóliðsstjórnin hefir í bréfi 18. p. m. skýrt frá, að skonnortuskiðið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja undir stjórn